
N O R D F I R Ð I N G U R

2. tölublað 1988

12. árgangur

ÁRSHÁTÍÐ

Norðfirðingafélagsins verður haldin að Hótel Loftleiðum, Víkingasal, laugardaginn 12. mars 1988, kl. 19:30 stundvislega.

Matseðill: Kjörsveppasúpa

— — —
Villikryddað lambalæri með piparsósu

— — —
Koniaksís (glace de la "Fönn en Nordfjord" avec Cogniac)

Hátiðarræða: Eyþór Einarsson frá Kviabóli

Skemmtiatriði: Danssýning, spurningakeppni milli út- og innbæringa og samtalsþáttur í léttum dúr.

Happdrætti: margt góðra vinninga.

Dans og vinveitingar. Miðaverð kr. 2.500.-

Viðtakandi,

Eyþór Einarsson
Bólsdædarhlíð 66
105 Reykjavík

Árshátið Norðfirðingafélagsins verður haldin laugardaginn 12. mars 1988, að Hótel Loftleiðum, Vikingasal. Hátiðin hefst með borðhaldi kl. 19:30 stundvislega. Hátiðargestir okkar að þessu sinni verða hjónin Svandís Ólafsdóttir og Eyþór Einarsson frá Kviabóli, en hann mun flytja hátiðarræðu kvöldssins.

Eyþór var í eina tið formaður Norðfirðingafélagsins og einn af stofnendum þess.

Hann mun vafalitið segja ykkur frá einhverju skemmtilegu, sem drifið hefur á dagana í uppvextinum heima á Norðfirði og síðar á lífsleiðinni ásamt svo mörgu, mörgu öðru.

- 1 Við fáum danspör í heimsókn, sem sýna munu listir sinar. Útbæingar og innbæingar munu spreyta sig í spurningakeppni. Liðum verður skipt um Konráðslæk. Fluttur verður samtalsþáttur í léttum dúr og efnt til happdrættis um margt góðra vinninga. Fjöldasöngur verður undir borðhaldinu eins og venjulega, enda Norðfirðingar orðlagðir söngmenn.

Að loknu borðhaldi verður stiginn dans af miklu fjöri við undirleik danshljómsveitar Jakobs Jónssonar. Hljómsveitarstjórinn hefur heitið okkur því að stemma stigu við hávaða frá "instrumentum" sveitar sinnar.

Ef einhverjir sjá sér ekki fært að mæta fyrr en að loknu borðhaldi, þá verður seldur sérstakur aðgangur á ballið og kostar þá miðinn kr. 1.000.-

Við viljum hvetja félaga til þess að pantat miða í tíma hjá:

Elsu Chr. 36492 Jóhönnu Ósk 42232

Jóni Guðm. 43499 Ólöfu Hannesar 75506

Miðarnir verða seldir að Hótel Loftleiðum fimmtudaginn 10. mars, frá kl. 17 - 19 og borð tekin frá á sama tíma.

Hið árlega sólarkaffi félagsins var haldið í Safnaðarheimili Bústaðakirkju 31. janúar s.l. Þáttaka var að venju mjög góð.

Mættir voru eitthvað á þriðja hundrað manns í "sólarþönnukökur" og annað

bakkelsi sem félagskonur sáu um af al-kunnum myndarskap. Færir stjórnin þeim hér með bestu þakkir fyrir.

Lárus Sveinsson og dætur mættu með hljóð-færi sin og léku fyrir okkur nokkur falleg lög. Mættum við fá meira að heyra!!!
Með bestu þökkum til Lárusar og dætra.

Að endingu hvetjum við alla félagsmenn til þess að fjölmenna á árshátiðina og taka með sér gesti. Jafnframt bjóðum við velkomna alla þá Norðfirðinga búsetta heima, sem hug hafa á því að leggja land undir fót til þess að taka þátt í gleðskap sveitunga sinna hér syðra.

Munið árshátiðina 12. mars n.k.

Mætum öll í hátiðarskapi

Góða skemmtun!

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Espigerði 4, 108 Reykjavík

Ritstjóri: Elsa Christensen